

# Guðbjörn Jónsson



Ríkisskattstjóri,  
Laugavegi 166, 150 Reykjavík.

Reykjavík 3. júlí 2016

**ERINDI:** Tilkynning um fyrirvaralausar og óútskýrða breytingu á skattframtali undirritaðs vegna tekjuársins 2015. Andmælaréttur ekki virtur

Með óundirrituðu bréfi frá embætti Ríkisskattstjóra, dagsettu 23. júní 2016, er undirrituðum tilkynnt um breytingu á skattframtali sínu vegna tekjuársins 2015. Breytingin er sögð framkvæmd vegna endurreiknings frá Tryggingastofnun Ríkisins.

Undirritaður hefur tekist á við Tryggingastofnun í 10 ár, um röng vinnubrögð þeirra við útreikning og utanumhald lífeyrisgreiðslna en enga raunhæfa svörun fengið. Hvorki frá Tryggingastofnun sjálfri eða frá Velferðarráðuneyti. Ég hef ekki áður kvartað til embættis Ríkisskattstjóra en læt á það reyna nú.

Í upphafi vil ég leggja fram fyrirspurn. Hver gefur upp þær tölur sem skráðar eru fyrirfram á skattframtöl hjá embætti ríkisskattstjóra, áður en skattframtöl fara til útfyllingar hjá framteljendum? Mikilvægt er að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar um raunverulegt sannleiksgildi slíkra upplýsinga, þó í framtali geti verið fleiri launagreiðendur en Ríkisskattstjóri hefur upplýsingar um.

Mikilvægt er einnig, þegar leiðréttingar eru gerðar löngu eftir lok skilaskyldu tekjuupplýsinga frá launagreiðanda og lok framtalsfrests, að fyrir liggi hvort launin hafi í raun verið reiknuð og greidd á viðkomandi tekjuári. Eða hvort um sé að ræða uppreiknaða stöðu vanreiknaðra og vangreiddra launa frá fyrra ári. Slík leiðrétting á tvímælalaust heima á því ári sem greiðslan fer fram, því bókhaldslega séð verður slík leiðrétting skráð á það ár sem greiðslan fer fram en ekki rífið upp frágengið uppgjör fyrra árs til færslu slíkrar leiðréttingar.

Sem dæmi má taka Tryggingastofnun, sem er opinber stofnun með vel sundurgreint greiðsluferfi í tölvubúnaði sínum og greiðir engar greiðslur sem ekki fara í gegnum þennan búnað. Samtöluflokkar greiðslukerfisins eru næsta öruggir, **ef handvirkt er ekkert fíkt að við þá**. EN, það er einmitt það sem undirritaður telur nokkuð oft gert hjá Tryggingastofnun og hefur nokkrum sinnum bent þeim á en enga áheyrn fengið.

## **Framkvæmdareglur sem valda lífeyrisþegum tjóni.**

Byrjum á að líta á hvernig Tryggingastofnun skilgreinir ýmsar greiðslur til lífeyrisþega. Handhægast er að taka reglu eins og **styrki til lífeyrisþega, til greiðslu ýmiskonar hjálpartækja**. Í tilfalli undirritaðs var um að ræða styrk á árinu 2012 til kaupa á heyrnartækjum og annan styrk undir árslok 2014, vegna kaupa á hnéspelku, þar sem undirritaður þurfti að bíða í tæp 2 ár eftir að komast í aðgerð til skipta á hjálalið.

Við greiðslu svona viðbótarstyrkja, vegna kaupa á nauðsynlegum hjálpartækjum, greiðir Tryggingastofnun tiltekið hlutfall kostnaðar eftir mati hverju sinni. Ef sá sem þarfnast t.d. heyrnartækja er lífeyrisþegi, sem er undir tilteknum eigna og tekjumörkum, getur hann sótt um viðbótarstyrk til Tryggingastofnunar til kaupanna. Stofnunin afgreiðir slíka styrki eftir mati sem enginn veit hvert er, því engar upplýsingar eru gefnar um útreikniadferðir eða hvaða heildar upphæð viðbótarstyrks verður. Slíkar upplýsingar veitir Tryggingastofnun ekki til lífeyrisþega.

Eitt er nokkuð sérstakt við framkvæmd Tryggingastofnunar á öllum slíkum viðbótarstyrkjum til kaupa á hjálpartækjum. Yfirleitt er um að ræða þó nokkuð dýr tæki, sem eru verulega fyrir utan greiðslugetu lífeyrisþega af venjubundnum lífeyri sínum. Tryggingastofnun neitar að taka við umsóknum um slíka viðbótarstyrki, **nema framvísað sé frumriti af greiddum reikning vegna kaupanna.**

Alla jafnan er það erfiður biti fyrir lífeyrisþega, til að geta orðið gjaldgengur til afgreiðslu neyðarhjálpur opinbera kerfisins, verði hann að geta skuldsett sig um jafnvel nokkur hundruð þúsund krónur. Annars fáir hann ekki aðgengi að þeirri neyðarhjálp sem lögformlega er í boði. Það sem er þó sýnu erfiðara, er að viðbótarstyrkurinn, sem ekki fæst nema gegn framvísun á frumriti reiknings, er einungis hluti eftirstöðvanna. OG því til viðbótar er þessi styrkur **greiddur út á 18 mánuðum sem LAUNAGREIÐSLA.**

Styrkurinn er reiknaður út frá þörf styrkþegans, en með tekjufærslu greiðslunnar fær ríkisjóður aftur til baka samdægurs, rúmlega 37% upphæðarinnar. Styrkurinn nýtist því ekki styrkþeganum við þær nauðsynlegu fjárfestingu sem varð að staðgreiða, samkvæmt kröfu Tryggingastofnunar, til að styrkþegi eigi von um áheyrn.

Það ætti að vera nokkuð augljóst að slíkir styrkir, sem eingöngu eru til þess að hjálpa styrkþega að afla sér nauðsynlegs tækjabúnaðar til að geta notið þeirra lífsgæða sem almenningi er eðlilegt að njóta. Slíkir styrkir ættu ekki að vera greiddir út í formi launa, nema því aðeins að greiðslufjárhæðin væri sem næmi skattþrosentu hærri en fjárhæðin sem ætluð var til greiðslu hins tiltekna kostnaðar. Slíkri ósk hefur Tryggingastofnun ítrekað vísað á bug og Velferðarráðuneyti ekki heldur viljað rétta lífeyrisþegum þessa litlu hjálparhönd.

### **Eru útreikningar Tryggingastofnunar rangir?**

Því miður verður að segjast að þau 10 ár sem undirritaður hefur verið aðnjótandi þess að Tryggingastofnun sé greiðsluaðili lífeyris hans, hefur ekki orðið vart við að til staðar væri vilji til að láta lífeyrisþega njóta þeirra fátæklegu lífsgæða sem lagareglur þó ætla þeim að njóta.

Undirritaður er ekki í vafa um hæfni sína til þess mats sem hér er sett fram, því á 9. áratugnum, þegar tölvur voru að ryðja sér rúm bókhalds- og rekstrarskráningum, starfaði hann á þeim vettvangi. Hann var því meðal þeirra fyrstu hér á landi, sem tileinkaði sér að læra slíka notkun á litlu borðtölvum vinnsluminni og harði diskur þeirra stækkaði viðeigandi hugbúnaður til bókhalds, ritvinnslu og gerðar reiknilíkana fylgdi í kjölfarið.

Undirritaður lærði notkun á þessum frumgerðum hugbúnaðar til bókhalds og reiknilíkanagerða. Einnig lærði hann nokkuð um gerð vélbúnaðarins og nokkuð í forritun, auk grunnþátta í kerfisfræðum og kerfisgreiningu. Undirritaður er því ekki að tala um umhverfi sem er honum ókunnugt að uppbyggingu.

Og einmitt vegna framangreindra þekkingarþátta undirritaðs, verða mörg þeirra mistaka sem hann hefur upplifað undanfarnin 10 ár, í samskiptum við Tryggingastofnun, opnari og auðskiljanlegri fyrir honum. Hann hugar því ekki við að segja að framkvæmd lífeyrisgreiðslna hér á landi er í meginatriðum framkvæmd á kostnaðarsamari máta en hún þyrfti að vera. Það ógagnsæ gagnvart notendum með framsetningu sem leikmaður getur alls ekki náð neinum skilning á, veldur óhjákvæmilega óþarfri úlfúð hjá notendum þjónustunnar.

Undirritaður velur að setja fram svona athugasemd við leiðréttingu Tryggingastofnunar á lífeyri undirritaðs, vegna framtals hans á tekjuárinu 2015, vegna þess að þar reiknar Tryggingastofnun út að um inneign sé að ræða hjá undirrituðum. Lítum nánar á þetta.

## Skipting greiðslubátta lífeyris

Ekki þarf að velta fyrir sér Grunnlífeyri, sem er föst tala á mánuði og breytist því ekki við endurreikning.

Næst er að líta á Tekjutryggingu. Samkvæmt tekjuáætlun undirritaðs hjá Tryggingastofnun var gert ráð fyrir að tekjur frá lífeyrissjóðum yrðu kr. 1.055.811. Og fjármagnstekjur, þ. e. vextir og verðtrygging, yrðu samtals kt. 82.185. Samtals gera þessar AÐRAR tekjur en frá Tryggingastofnun því kr. 1.137.996. Út frá þessum forsendum greiðir Tryggingastofnun undirrituðum tekjutryggingu á árinu 2015 kr. 1.097.232. Tryggingastofnun áætlað því í upphafi ársins 2015 að undirritaður hafi í heildartekjur frá Tryggingastofnun:

Grunnlífeyri	436.044
Tekjutryggingu	1.097.232
Orlofsuppbót af tekjutr.	17.846
Desemberuppbót af tekjutr.	<u>27.431</u>
<b>Samtals gerir þetta kr.</b>	<b>1.578.553</b>
<b>Áætlað Gr. frá lífeyrissjóðum</b>	<b>1.055.811</b>
<b>Áætlað fjármagnstekjur</b>	<b>82.185</b>
<b>Heildartekjur ársins fyrir skatt</b>	<b>2.716.549</b>

Þegar uppgjör lífeyrissjóða vegna ársins 2015 lág fyrir, kom í ljós að áætlanir um tekjur frá þeim stóðust ekki, líklega vegna samdráttar í réttindum sem urðu á árinu. Heildartekjur frá þeim á árinu 2015 urðu kr. 1.039.230, **eða kr. 16.581 lægri en gert hafði verið áætlun um til grundvallat tekjutryggingar.**

Einnig var lækkun á tekjum af vöxtum og verðtryggingu. Áætlun gerði ráð fyrir fjármagnstekjum upp á kr. 82.185. Reyndin varð einungis fjármagnstekjur upp á kr. 54.323. **Mismunurinn varð því lækkun upp á kr. 27.620.**

Samanlagt varð því lækkun á útreiknigrunni tekjutryggingar vegna lækkunar hjá lífeyrissjóðum upp á **kr. 16.581** og lækkun fjármagnstekna **upp á kr. 27.620**. Eða **samtals lækkun á öðrum tekjum en frá Tryggingastofnun um kr. 44.443.**

Þegar allar þessar forsendur eru skoðaðar sem heild, sem að mati Tryggingastofnunar átti að gefa undirrituðum heildartekjur á árinu 2015 til skattlagningar, að upphæð kr. **2.716.549**. **Það hlýtur að skoðast sem mat Tryggingastofnunar á rétti undirritaðs til lífeyris á árinu 2015. Þegar** ljóst varð við árslok 2015 að á greiðslur frá lífeyrissjóðum, fjármagnstekum vantaði þá upphæð sem að framan er getið, hlýtur að koma til samsvarandi hækkun frá Tryggingastofnun, svo þeirra eigin ááætlun um heildartekjur undirritaðs á árinu 2015 verði þær kr. **2.716.549, sem Tryggingastofnun áætlaði sem rétt undirritaðs við upphaf ársins.**

Lækkunin á greiðslum frá lífeyrissjóðum og fjármagnstekjum var samtals kr. 44.443. **Skattur af þeirri upphæð reiknast 37,3%, eða kr. 16.577. Að þeirri fjárhæð frádreginni ætti að koma til útborgunar kr. 27.866.**

## STYRKUR UTAN SKATTGREIÐSLU.

Af ásetningi setur undirritaður, utan skattskyldrar tekjufærslu, þann styrk sem honum var veittur til greiðslu heyrnartækja á árunum 2012 – 2013, samtals kr. 74.496. Af þeirri upphæð var dreginn **skattur kr. 27.813**. Undirritaður á því enn inni hjá Tryggingastofnun þá upphæð af styrknum frá heyrnartækjakaupunum.

Einnig setur undirritaður styrk sem hann fékk vegna kaupa á hnéspelku, vegna tveggja ára biðar eftir að komast í aðgerð. Styrkurinn var greiddur frá janúar til desember á árinu 2015. Samtals var greitt kr. 5.888 á mánuði, **eða samtals kr. 70.656**. Af þeirri upphæð var dregin skattgreiðsla að upphæð **kr. 26.355**, sem undirritaður á enn eftir að fá greitt til að styrkurinn til tækjakaupa nemi þeirri upphæð sem upp var gefin. Nauðsynlega styrki til tækjakaupa á alls ekki að skattleggja.

Í endurreikning sínum segir Tryggingastofnun að styrkurinn til undirritaðs, á árinu 2015, eigi að **vera kr. 94.813**. Það þýðir greinilega, samkvæmt útgefnum greiðsluseðlum að **enn á eftir að greiða til undirritaðs þá viðbótarupphæð sem Tryggingastofnun gefur upp sem leiðréttingu. Er þar um að ræða mismun frá greiðsluseðlum upp á kr. 24.157**.

Af þessu afmarkaða dæmi sem hér hefur verið rakið, er ljóst að röng vinnubrögð hjá Tryggingastofnun hafa haft af undirrituðum þær tekjur sem hér hafa verið raktar. Nokkrum sinnum hefur undirritaður talið sig sjá að fíktað hafi verið við samtölupætti, sem valda rangri uppsöfnun á ársgrundvelli. Sú undarleg þjóska Tryggingastofnunar að geta ekki fallist á að styrkur til tækjakaupa eigi ekki að færast sem tekjuauki, kemur hér út í tilviki undirritaðs sem **ógreitt af styrknum 2012-2013 kr. 27.813**.

**Ógreitt frá styrknum til hnépelkukaupa 2015 kr. 26.355. Og ógreidd hækkun styrks 2015, sem Tryggingastofnun reiknar í leiðréttingu, að upphæð kr. 24.157, nemur samtals kr. 50.512.**

ógreitt vegna lægri tekna frá lífeyrissjóðum og af fjármagnstekjum, eins og að framan er tilgreint, nemur, að frádregnum skatti, **kr. 27.866**.

Samtals telur undirritaður sig því eiga ógreitt hjá Tryggingastofnun **frá þessum tveimur styrkveitingum og leiðréttingu á tekjutryggingu ársins 2015, kr. 106.191, sem á að vera bein greiðsla án skattlagningar**.

Undirritaður hefur alla greiðsluseðla frá Tryggingastofnun, allt aftur til ársins 2005, er hann var fyrst metinn öryrki vegna Parkinsons. Undirritaður er fús til að eiga fund með ykkur um þessi málefni, ef áhugi væri fyrir hendi hjá ykkur. Við lífeyrisþegar erum orðnir vonlitlir um að eðlileg vinnubrögð náist fram varðandi útreikning á lífeyrisgreiðslum til okkar. Skref í áttina gæti verið ef hægt væri að leiðrétta styrkgreiðslur til tækjakaupa eða til greiðslu útlagðs kostnaðar, að af slíkum greiðslum væru ekki dreginn skattur. U ndirritaður telur víst að löggjafinn hafi ekki ætlast til að slíkir styrkir yrðu að tekjugjafa fyrir ríkissjóð, sem er greiðandi styrkjanna.

Virðingarfyllt

Guðbjörn Jónsson